

Verðlaun

Vinningur fyrir bestu tillöguna í samkeppninni er **1.000** evrur. Verðlaunaféð verður afhent þeim bekk sem vinningshafinn tilheyrir og skal það nýtt til að kaupa tækjabúnað til vísindarannsókna og/eða til að greiða kostnað af bekkjarferð til þjóðgarðs eða annars friðlýsts svæðis. Önnur verðlaun eru **500** evrur og þriðju verðlaun **200** evrur og skal því verðlaunafé einnig ráðstafað á þann hátt sem lýst er hér að ofan. Auk þessa munu allir verðlaunahafar fá einstaklings-verðlaun fyrir framlag sitt til keppinnar. Upplýsingar um einkennismerkið, höfund þess og skólann sem hann sækir verða jafnframt sendar fjölmiðlum til nánari kynningar.

Leikreglur

- Hámarksstærð mynda er A4.
- Stýrihópur verkefnisins áskilur sér rétt til að láta fagaðila stílfæra vinningsmerkið, ef ástæða þykir til.
- Verðlaunaféð verður að nýta á árinu 2009. Hafa skal samráð við stýrihóp verkefnisins um ráðstöfun verðlaunanna.
- Til að taka þátt í samkeppninni verður að senda myndirnar til innlands tengiliðar NEED fyrir 30. nóvember 2008.

Upplýsingar um tengilið:

Sandra Björg Stefánsdóttir
Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði
Nýheimum, Litlubrú 2
780 Höfn Hornafirði
sbs@hi.is

NEED - verkefnið þarfnast ÞÍN!



Til allra 11 - 15 ára nemenda með sköpunargleðina í góðu lagi ...

Við höfum spennandi verkefni fyrir ÞIG!

Hannaðu EINKENNISMERKI (lógó) fyrir NEED verkefnið og þú gætir unnið allt að 1.000 evrur til afnota fyrir bekkinn þinn!

NEED-verkefnið, almennar upplýsingar

NEED er skammstöfun fyrir verkefnið *Northern Environmental Education Development project* sem á íslensku mætti þýða sem **Uppbygging náttúruskóla og umhverfismenntar á norðurslóðum**. NEED er fjölþjóðlegt samstarfsverkefni Íslendinga, Finna, Norðmanna og Íra. Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (*Northern Periphery Programme 2007-2013*) er aðalstyrktaraðili þess. Verkefninu er ætlað að þróa nýjar og frumlegar aðferðir til þess að miðla þekkingu um umhverfi og náttúru friðlýstra svæða til þeirra ferðamanna, nemenda og annarra aðila sem sækja þau heim eða búa í nágrenni þeirra.

Í NEED-verkefninu er lögð höfuðáhersla bæði á þróun umhverfismenntar og á uppbyggingu fræðandi ferðaþjónustu á friðlýstum svæðum. Einnig er ætlunin að leita leiða til að aðstoða heimamenn við að auka þekkingu sína á umhverfismálum og efla færni þeirra til að sinna störfum sem byggja á tilvist friðlýstra svæða. Markmið NEED-verkefnisins er að vernda náttúru og menningararf samhliða því að skapa ný, sjálfbær starfstækifæri í dreifðum byggðum þar sem atvinnuþróun hefur víða átt erfitt uppdráttar. Verkefnið mun einnig auka félags- og mannauð með því að tengja saman fólk í þéttbýli og dreifbýli, í gegnum vinnu að sameiginlegum viðfangsefnum í mennta- og ferðamálum.

Helstu samstafsaðilar NEED-verkefnisins eru

- Háskólinn í Joensuu, Menntavísindasvið, Finnlandi
- Háskóli Íslands, Fræðasetrið á Hornafirði, Íslandi
- Þjóðgarðsmiðstöðin í Nordland, Noregi
- Sveitarstjórn Clare-héraðs, Írlandi



Til útskýringar fyrir nemendur

Í verkefninu er aðaláherslan á jarðfræði. Jarðfræði er vísindagrein sem fjallar um jörðina, sögu hennar og innri og ytri gerð. Jarðfræðingar skoða úr hvaða efnum jörðin er búin til og líka þá ferla sem eiga sér stað djúpt inni í henni og hafa m.a. áhrif á útlit landslagsins á yfirborðinu. Jarðfræðilegir ferlar hafa einnig áhrif á menn og aðrar lífverur á jörðinni. Sem dæmi um viðfangsefni jarðfræðinnar má nefna athuganir á stein- og bergtegundum, jarðsögu eða landslagi, á landmótun, jarðskorpuhreyfingum og öðrum ferlum, og á náttúruvá eins og eldgosum eða jarðskjálftum.

Í NEED-verkefninu viljum við þróa nýjar aðferðir til að miðla þekkingu um jarðfræði. Þeim fróðleik verður beint að fólki sem heimsækir eitthvert þeirra friðlýstu svæða sem taka þátt í verkefninu en þau eru: Vatnajökulsþjóðgarður á Íslandi, Þjóðgarðurinn í Koli í Finnlandi, Þjóðgarðurinn í Saltfjellet-Svartisen í Noregi og Burren -svæðið á Írlandi. Aðalmarkmiðið er að gefa bæði gestum og heimafólki kost á að læra nýja hluti um jarðfræði og mikilvægi hennar fyrir mannkynið á áhugaverðan og skemmtilegan máta.

En við þurfum á aðstoð að halda við að hanna einkennismerkið! Einkennismerki er lítið og einfalt merki sem lýsir verkefninu í megin dráttum. Merkið okkar þarf að endurspeglar markmið NEED-verkefnisins í hnotskurn. Það ætti ekki að innihalda mörg smáatriði þar sem það verður fremur smátt í sniðum. Athugið einnig að einkennismerkið þarf að vera nothæft bæði í lit og svart – hvítu.

Keppnisreglur

Samkeppnin um einkennismerki fyrir NEED-verkefnið er fjölþjóðleg og beinist að 11-15 ára nemendum sem búa í nágrenni þátttökusvæðanna á Íslandi, Finnlandi, Noregi og Írlandi. Ákvörðun um þátttöku í keppninni er undir kennara hvers bekkjar komin og hefur hann jafnframt umsjón með framkvæmd hennar. Mælst er til þess að vinna nemenda vegna keppinnar sé felld innan ramma hefðbundins skólastarfs.

Kennarinn velur bestu myndirnar (þrjár að hámarki) frá sínum bekk og sendir til tengiliðar verkefnisins (sjá heimilisfang á næstu síðu). Upplýsingar um nafn og aldur nemanda, svo og um netfang og símanúmer kennara, verða að fylgja öllum innsendum myndum. Skilafrestur er til **30. nóvember 2008**. Fjölþjóðleg dómnefnd velur besta einkennismerkið úr hópi innsendra tillagna. Allir skólar sem taka þátt í keppninni munu að henni lokinni fá sendar upplýsingar um vinningstillögurnar frá landstengilið verkefnisins.